

Hildur Knútsdóttir



VETRA HÖRKUR



Hildur Knútsdóttir

VETRAR HÖRKUR

JPV
JPV ÚTGÁFA

Vetrarhörkur


© Hildur Knútsdóttir 2016

Hönnun kápu: Halla Sigga / Forlagið

Ljósmynd af höfundi: Sigtryggur Ari Jóhannsson

Umbrot: Ingibjörg Sigurðardóttir

Letur í meginmáli: Garamond Premier Pro 11,5/15,8 pt

Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

Gefin út í Reykjavík, bókmennaborg UNESCO

JPV útgáfa · Reykjavík · 2016

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9935-11-669-7

JPV útgáfa er hluti af  Forlaginu ehf.
www.forlagid.is

BIÐIN

Bergljót

Bókin lá óhreyfð í kjöltu Bergljótar. Hún gat ekki fest hugann við hana. Biðin var gjörsamlega að drepa hana og það var eins og hugurinn togaðist í margar áttir í einu. Þegar hún átti loftskeytavakt fannst henni að hún ætti að vera niðri á bryggju, því þau hlytu að koma siglandi á hverri stundu. En þegar Bergljót var niðri á bryggju og starði í áttina að meginlandinu, sem hún vissi að beið handan við myrkrið, fannst henni að einmitt þá hlytu þau einhvers staðar að taka upp talstöð og segja eitthvað sem hún þyrfti að vera viðstödd til að heyra. Kannski eitthvað á dulmáli sem bara hún myndi skilja. Það skipti engu máli þótt hún segði sér að pabbi hennar myndi aldrei hafa samband í gegnum talstöð. Því Bragi gæti gert það aftur.

Það voru þrjú dagar síðan þau fóru í land. Bergljótu fannst sem það gætu alveg eins hafa verið þrjár vikur.

Stundum fannst henni eins og hana hefði dreymt rödd Braga í talstöðinni.

Pabbi, pabbi og Bergljót. Þetta er ég, Bragi. Ég ætla að koma til ykkar.

Atburðirnir klukku tímana á eftir höfðu verið óraunverulegir eins og Bergljót hefði horft á þá, ekki innan úr höfðinu á sjálfri sér heldur utan frá. Bergljót hafði öskrað. Hún hélt það hefði ver-

ið gleðióp en hún var samt ekki viss, því um leið og hún öskraði höfðu tárin byrjað að streyma. Pabbi hennar fór að hágráta og þau féllust í krampakennt faðmlag sem endaði jafn snögglega og það hófst því þau áttuðu sig bæði á því að þeim var ekki til setunnar boðið. Þau höfðu gleymt öllu um loftskeytavaktir og hlaupið upp í skóla þar sem þau höfðu búið um sig og sagt fréttirnar óðamála. Fólkið hafði setið í salnum niðri, því það var alveg að koma matur, og það hafði horft á þau eins og þau væru ekki með öllum mjalla. Tárin höfðu haldið áfram að streyma niður vangana á Bergljótu en henni var alveg sama. Því Bragi var lifandi. *Bragi var lifandi.*

Pabbi hennar og Katla höfðu strax farið að skipuleggja leiðangur í land til að sækja hann. Guðmundur, pabbi hennar Magneu, bauðst til að fara með þeim. Sem var gott því hann var sjómaður og kunni að sigla. Bergljót og Þórbergur höfðu bæði verið viss um að Bragi hefði átt við Þorlákshöfn. Það hlaut að vera.

Þið verðið að sækja mig. Þangað sem við atluðum að fara áður en ég fór. Þið vitið.

„Ég kem með,“ hafði Bergljót sagt.

„Nei,“ sagði Þórbergur og lagði hönd á öxlina á henni. „Þú bíður hérna.“

Bergljót leit á Kötlu sem hristi höfuðið ákveðin.

„Plííís,“ grátbað hún.

„Nei, Bergljót,“ sagði Katla. Og þar með var það útrætt. Bergljót skildi samt ekki hvers vegna það var í lagi að Katla færi frekar en hún. Katla var ólétt. En það vissi það enginn nema Bergljót og hún hafði lofað að þegja yfir því, svo hún sagði ekkert.

Magnea hafði sest við hliðina á Bergljótu, gripði um hönd hennar og kreist hughreystandi.

„Pabbi getur siglt í öllum veðrum,“ hvíslaði hún. „Hann er besti sjómaðurinn í Eyjum.“

Bergljót kreisti hönd Magneu á móti og hugsaði með sér hversu ómetanlegt það væri að eiga vinkonu.

Magnea hafði líka lagt sig fram um að gera henni lífið bærilegt á meðan hún beið eftir því að þau kæmu til baka með Braga.

Þrír dagar. Ættu þau ekki að vera löngu komin? Það tók ekki nema nokkra klukkutíma að sigla til Þorlákshafnar, jafnvel þótt þau færu mjög varlega. Bergljót starði á bókina sem lá í kjöltunni. *Hús andanna*. Ætli hún næði einhvern tímann að klára hana? Hún heyrði dyrnar uppi opnast og skömmu síðar birtist Magnea í kjallaratröppunum. Hún var í stóru, svörtu úlpunni sinni, með húfuna niðri í augunum og bakpoka á bakinu.

„Hæ,“ sagði hún og fór úr úlpunni áður en hún hlammaði sér í hinn hægindastólinn. Það heyrðist dynkur þegar hún lagði bakpokann frá sér á steingólfid, eins og það væri eitthvað mjög þungt í honum.

„Hæ,“ sagði Bergljót dauflega.

„Eitthvað að fréttu?“

Bergljót hristi höfuðið.

„Ekki vera svona leið,“ sagði Magnea. „Bróðir þinn er lifandi. Þú átt að vera glöð.“

Bergljót vissi að það var rétt. En hún átti bara svo erfitt með það, kannski af því að hún þorði ekki almennilega að trúá því að Bragi væri lifandi fyrir en hún sæi hann heilan á húfi. Og hún hafði áhyggjur af pabba sínum. Og Kötlu. Og barninu hennar. Því hver vissi hvað beið þeirra í Þorlákshöfn.

Svo mundi hún að pabbi hennar Magneu var með þeim líka. Þær voru í sömu sporum.

Hún leit upp og kinkaði kalli.

„Auðvitað,“ sagði hún og Magnea brosti. „Auðvitað á ég að vera glöð. Ég er bara svo hrædd. Ég er alltaf svo ógeðslega hrædd. Ert þú það ekki?“

Magnea yppti öxlum.

„Jú. Jájá, eða ég veit það ekki alveg. Ætli það ekki. Ég þæli bara ekkert í því. Ég var rosalega hrædd fyrst eftir að geimverurnar komu og allir voru dánir og svona, en síðan varð ég bara svo þreytt á því að vera alltaf hrædd að ég hætti að nenna að vera það.“

„Hvernig geturðu ákveðið að hætta bara að nenna að vera hrædd?“

„Það var ekkert meðvitað, held ég,“ sagði Magnea. „Fyrst var ég alltaf að hugsa um hvað allt ætti eftir að fara illa og hvers konar ógeðslegur dauðdagi biði mín. Myndi ég verða rifin í tætlur? Myndi ég deyja úr hungri? Ætti ég kannski bara að ganga í sjóinn og sjá um þetta sjálf? Í hvert sinn sem ég vaknaði hugsaði ég hvort þetta væri kannski seinasta skiptið sem ég myndi vakna. Þegar ég fékk mér vatnsglas hugsaði ég um hvort þetta væri seinasta vatnsglassið sem ég myndi drekka. Þegar mamma fór á klósettið hugsaði ég um hvort ég myndi nokkurn tímann sjá hana aftur. En svo liðu dagarnir, mamma kom aftur af klósettinu og ég fór að hugsa um annað. Ég held að manneskjan sé kannski ekki gerð til að hugsa alltaf svona mikið um dauðann. Eða kannski erum við bara ekki gerð til að hugsa svona mikið um einn einstakan hlut. Við erum með svo mikinn athyglisbrest.“

„Athyglisbrest?“

„Jebb. Ég held líka að kannski ef maður greinist með krabba-mein eða eitthvað, þá hugsar maður kannski rosalega mikið um það fyrst en svo þarf maður bara að elda matinn og setja í þvottavél. Og svo er kannski eitthvað skemmtilegt í sjónvarpinu og svo fer fólk bara að hugsa um eitthvað annað. Því það er líka bara ógeðslega leiðinlegt að hugsa alltaf um sama hlutinn og hver hefur líka tíma til þess að vera alltaf bara að hugsa?“

„Heimspekingar?“ stakk Bergljót upp á.

„Einmitt. Ég er viss um að þeir eru allir með skúringakonu og þurfa aldrei að elda matinn eða vaska upp.“

„Pabbi segir að sér finnist svo gott að hugsa þegar hann vaskar upp.“

„Pabbi þinn er líka skrýttinn,“ sagði Magnea.

Bergljót hló.

„Ég veit. Hann vildi ekki einu sinni kaupa uppþvottavél. Hver vill ekki eiga uppþvottavél?“

„Guð, hvað ég vildi óska þess að það væri sjónvarp hérna,“ sagði Magnea. „Þá gætir þú kannski hætt að hugsa svona mikið um dauðann.“

„Amen,“ sagði Bergljót.

Það var eins og suðið í útvarpinu hækkaði þegar þær þögnuðu. Bergljót horfði á tölurnar á útvarpinu lækka þegar það flakkaði á milli rása. Stundum þegar hún lokaði augunum sá hún tölurnar fyrir sér, eins og þær væru brenndar aftan á augnlokin á henni.

„Ég er samt ekki beinlínis alltaf að hugsa um dauðann,“ sagði hún hljóðlega.

„Nú?“ spurði Magnea. „Hvað þá?“

Bergljót hrukkaði ennið. Hún vissi ekki alveg hverju hún ætti að svara því hún hafði ekki reynt að skilgreina það áður.

„Ætli ég sé ekki að hugsa um hvað allt er orðið brothætt eitt-hvað...“

Hún hristi höfuðið. Það var ekki alveg rétt.

„Ég held að ég sé alltaf að hugsa um missi. Ég er ekki beinlínis hrædd við dauðann, eða, jú, auðvitað er ég það, en ég bara hugsa ekkert svo mikið um það. Þú veist, hvernig ég eigi eftir að deyja eða hvað gerist þegar maður deyr. En ég hugsa mjög mikið um alla sem dóu, alla sem ég er búin að missa. Það eru svo ótrúlega, ótrúlega margir og mér þótti svo vænt um þau og mér líður eins

og ég hafi kannski einu sinni verið eins og epli en nú er búið að rífa svo marga bita úr mér, alla bestu bitana, að það eru eiginlega bara steinarnir og þetta harða og ógeðslega eftir. Þetta sem enginn vill borða og á bara heima í ruslinu.“

Hún þorði ekki að líta á Magneu. Hún var svo hrædd um að hún myndi hlæja að þessari ógeðslega hallærislegu eplalíkingu. En Magnea sagði ekki neitt svo Bergljótu fannst hún þurfa að fylla upp í þögnina.

„Og ég er svo hrædd um að missa enn fleiri, fattarðu? Og hvað verður þá eftir af mér? Æ, það er kannski ógeðslega sjálfselft að hugsa svona.“

„Nei, það finnst mér ekki,“ sagði Magnea. Svo bætti hún við: „Eða jú, kannski þínu, en það er bara allt í lagi. Því allir eru sjálfselfkir og hugsa hlutina fyrst og fremst út frá sjálfum sér, það er bara ógeðslega eðlilegt. Svo ertu alveg líffræðilega afsökluð, sko. Ég sá þátt í sjónvarpinu um heilann og þegar maður verður unglingur þá slökknar á öllum stöðvum í heilanum sem hafa eitthvað að gera með samúð og að setja sig í spor annarra. Unglingar eru sko klínískir síkópatar, þú getur huggað þig við það.“

„Frábært.“

„Það er frábært! Það er ekkert okkur að kenna ef við gerum einhverja vitleysu. Við ráðum bara ekkert við okkur, við erum heilabílaðar!“

Bergljót leit á Magneu og skellti síðan upp úr. Magnea fór að hlæja líka og á meðan Bergljót horfði á vinkonu sína hlæja lofaði hún sjálfri sér að hún skyldi muna að þótt hún hefði misst marga þá hafði hún líka kynnst nýju fólki. Og þótt það kæmi kannski ekki alveg í staðinn, þá var Magnea svo sannarlega betri en enginn.

„Og talandi um að ráða bara ekkert við sig, þá er ég sko með glaðning handa þér, svona aðeins til að dreifa huganum.“